

Ab. _____
24. ágú. 2015
Tilv. 418/201502

Náttúruvættið Laugarás í Reykjavík

Samningur um umsjón og rekstur

1. gr.

Samningsaðilar

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, gera með sér samning um umsjón og rekstur náttúruvættis Laugarás í Reykjavík í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Samkvæmt samningi þessum skal umsjón og rekstur náttúruvættisins vera í höndum Reykjavíkurborgar og í samræmi við auglýsingu.

2. gr.

Markmið samningsins

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur náttúruvættisins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum B, nr. 41/1982.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins

Að vestan frá stað gegnt Vesturbrún 26 merktum 1 á korti (hnit $x=19153.59$, $y=17852.25$), austur að punkti 2 ($x=19144.69$, $y=17855.53$). Þaðan til norðurs að punkti 3 ($x=19149.32$, $y=17885.30$). Þar beygja mörkin til norðausturs að punkti 4 ($x=19129.33$, $y=17929.27$), þá til suðausturs að punkti 5 ($x=19090.30$, $y=17916.55$), og enn til suðausturs að punkti 6 ($x=19037.75$, $y=17842.99$), áfram til suðurs að punkti 7 ($x=19037.36$, $y=17769.37$). Síðan til suðausturs að punkti 8 ($x=19007.14$, $y=17745.28$) sem er rétt austan við gatnamót Dyngjuveggar. Þaðan fylgja mörkin götubrún í vestur að punkti 1. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951).

4. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun

Umsjónarsamningur þessi, er gerður samhliða verndar- og stjórnunaráætlun fyrir náttúruvættið Laugarás. Umhverfisstofnun gerir verndar- og stjórnunaráætlun í samráði við Reykjavíkurborg, sbr. d-lið 2. mgr. 6. greinar laga um náttúruvernd. Í verndar- og stjórnunaráætluninni er fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

5. gr.

Umsjón, landvarsla og skipting kostnaðar

Reykjavíkurborg sér um reglulegt eftirlit, umsjón og rekstur með náttúruvættinu og framfylgi reglum sem settar í friðlýsingunni. Reglulegt eftirlit felur t.d. í sér að svæðið líti vel út, rusl sé fjarlægð, viðhaft eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, brugðist við raski o.s.frv.

Reykjavíkurborg greiðir laun og annan kostnað vegna reglulegrar umsjónar og rekstrar náttúruvættisins.

Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið við Umhverfisstofnun hverju sinni. Ef ráðinn er landvörður fyrir náttúruvættið skal viðkomandi að lágmarki uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu Laugarás og samþykktar verndar- og stjórnunaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr laga um náttúruvernd og ákvæðum friðlýsingar Laugarás.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf vegna framkvæmda á hinu friðlýsta svæði, þ.á.m. fyrir rannsóknir, ljósmynda- og kvikmyndatökur sem geta haft í för með sér rask eða truflun.

7. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilta. Merki beggja aðila skal vera á öllu fræðsluefni. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðamálastofu þegar við á. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir uppsetningu skilta innan náttúruvættis. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um gerð og uppsetningu fræðsluefnis.

8. gr.

Skýrslugerð

Reykjavíkurborg skal gefa Umhverfisstofnun ástandsskýrslu fyrir 1. nóvember ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi innan náttúruvættisins. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um ástand svæðisins, áætlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli.

9. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli skuldbindingar í samræmi við samning þennan og þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd og verndaráætlun. Umhverfisstofnun birtir árlega skýrslu um ástand friðlýstra svæða.

10. gr.

Gildistími og gildistaka

Gildistími samnings þessa fyrir náttúruvættið er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

11. gr.

Ákvæði um endurskoðun

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er sex mánuðir.


12. gr.

Meðferð ágreiningsmála

Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.


Reykjavík, 30. júní 2015

F.h. Umhverfisstofnunar




Kristín Linda Árnadóttir

F.h. Reykjavíkurborgar



Dagur B. Eggertsson

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra



Sigrún Magnúsdóttir
ráðherra

Vottar:

Hildur Vesteinsdóttir
